

<b>Dags. fundar:</b> 28. september 2015	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 54
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson.	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Kynning fyrir þjálfara.
2. Dómara erlendis.
3. Hugmyndir í vinnslu hjá AMÍ nefnd.
4. Dómara í sundknattleik og dýfingar.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Hilmar Th. Björgvinsson og Elsa María Guðmundsdóttir (gegnum Skype).

**Boðuð forföll:** Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir

**Dagskrá:**

1. Jón Hjaltason kynnti fyrir öllum sem voru á formanna- og þjálfarafundi hjá SSÍ þann möguleika, hvort formenn og þjálfarar, vildu að komið yrði með kynningu á dómgæslu til síðar nefndu. Nefndin myndi setja saman kynningarefni og Björn, Jón og Sigurður Óli sjá um þessa kynningu en nefndin leggur til að hún verði í boði á ÍM25 og að jafnframt yrði sundfélögum úti á landi, sem ekki koma á ÍM25, líka boðið upp á sambærilega kynningu til þjálfara.
2. Líkur eru á að dómari fari á LEN Seminar á Kýpur. Einnig verður sótt um fyrir alþjóðlegan dómara á EM25 sem haldið verður í Ísrael 2.-6. desember 2015.
3. Jón Hjaltason tók við sæti Ólafs Baldurssonar í AMÍ nefnd sem skipuð var í sumar. Hann fór aðeins yfir hugmyndir þær sem nú þegar eru komnar fram í AMÍ nefndinni en hún hefur ekki lokið störfum ennþá.
4. Erindi hefur borist frá FINA varðandi möguleikann á að fá sunddómaraskóla hingað til lands. Nefndinni líst vel á að skólinn komi til landsins og reynt verði að aðstoða fólk utan af landi til að koma og taka þátt í honum.
5. Nefndin hefur verið beðin um að skoða með undirbúning námskeiða fyrir dómara í sundknattleik og dýfingum. Nefndin er sammála um að ekki sé að finna í röðum hennar né annarra sunddómara aðila sem gæti kennt á svona námskeiðum og leita þyrfti til reyndara fólks varðandi það.

**Fundi slitið kl: 18.15. Næsti fundur:** mánudaginn 26. október 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.